

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

1. 11. gr. orðist svo:

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna, að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu.

Sé land girt, þarf leyfi landeiganda til að ferðast um það eða dveljast á því. Sama gildir um ræktuð landsvæði.

2. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng-, eða hrisrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

3. Við 25. gr. Við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Í þjóðgörðum skal koma upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, gangstígum og öðru því, sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og kemur í veg fyrir spjöll. Í hverjum þjóðgarði skal og veita almenningi leiðbeiningar um helztu leiðir um hið friðlýsta svæði.

4. 26. gr. orðist svo:

Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri, að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur, og skal það (þau) þá bera fram ósk til Náttúruverndarráðs um slíkt. Skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunni að setja umráðarétti eigenda lands, sem um er að ræða, og annað, er máli skiptir.

Ef Náttúruverndarráð getur á tillöguna fallizt, skal það tilkynnt í Lögbirtingablaði, svo og með þeim hætti, sem venja er að birta stjórnvaldaauglýsingar á viðkomandi stað, að fyrirhuguð sé stofnun fólkvangs með tilteknum mörkum. Þar skal og nánar gerð grein fyrir hugsanlegum takmörkunum á umráðarétti landeigenda. Jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem geri ekki athugasemdir við stofnun fólkvangs innan tiltekins frests, sem má ekki vera skemmri en 8 vikur, teljist samþykkja þá ákvörðun og fyrirgeri þar með hugsanlegum rétti til bóta.

Þegar frestur samkvæmt 2. mgr. er liðinn, skal Náttúruverndarráð ákveða, hvort athugasemdir, er kunna að hafa horizt, séu svo veigamiklar, að ástæða sé til að breyta upphaflegri fyrirætlun eða hverfa frá henni. Gefa skal fulltrúum sveitarfélaga, sem um ræðir í 1. mgr., kost á að vera viðstaddir, þegar um þessi mál verður fjallað.

Ef Náttúruverndarráð og fulltrúar sveitarfélaga, sem í hlut eiga, verða sammála um, að haldið verði fast við ákvörðun um stofnun fólkvangs, breytta eða óbreytta, skal Náttúruverndarráð hlutast til um, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta bætur fyrir tjón, er aðilar, sem athugasemdir gera, sbr. 2. mgr., kunna að verða fyrir við stofnun fólkvangs. Um framkvæmd mats fer skv. lögum nr. 61/1917.

Þegar endanlegt mat liggur fyrir, skal kannað, hvort hlutaðeigandi sveitarfélög óska eftir, að formleg ákvörðun verði tekin um stofnun fólkvangs.

Ef þau óska slíks og Náttúruverndarráð samþykkir, skal það gera sérstaka ályktun um stofnun fólkvangsins, og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

Sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, bera allan kostnað, sem beinlínis leiðir af stofnun og rekstri fólkvangs, að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði, og skal þeim kostnaði skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Ef sveitarfélag hættir þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs, er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

Sveitarfélög, sem standa að rekstri fólkvangs, stofna með sér samvinnunefnd, er starfar í samráði við Náttúruverndarráð. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði, sem hafa sérstakan kostnað í för með sér, fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila.

Nú rís ágreiningur um skilning á grein þessari eða upp koma sérstök vafaatriði, sem snerta rekstur fólkvangs, og sker þá Náttúruverndarráð úr, en skjóta má úrskurði þess til fullnaðarákvörðunar ráðherra.